

**522. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 26. júní 2019 og  
hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður og Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi, Strandgata 3 - 2019060049**

Konrad Galka sækir um endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Strandgötu 3, Hnífsdal.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings vegna Strandgötu 3, Hnífsdal.*

**2. Túngata 3 - Umsókn um endurnýjun lóðaleigusamnings - 2019060047**

Níels Ragnar Björnsson sækir um endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 3, Ísafirði. Meðfylgjandi er undirrituð umsókn dags. 20. maí sl.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðaleigusamnings vegna fasteignar að Túngötu 3, Ísafirði.*

**3. Höfði við Kirkjubólshlíðar - Staðfesting lóðarmarka. - 2016100017**

Guðbjörn Charlesson sækir um að landamerki á Höfða við Kirkjubólshlíð verði skilgreind skv. hnitsettum uppdrætti frá Loftmyndum ehf. dags. 15.09.2016. Ekki liggja fyrir skilgreind landamerki á Höfða. Viðbótargögn hafa verið lögð fram þ.e. afsal Kirkjubólslands þegar landið var selt Ísafjarðarbæ.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja lóðamörk Höfða skv. meðfylgjandi uppdrætti frá loftmyndum dags. 19.05.2016 og afsali dags. 14.10.1982.*

**4. Óstaðfestar eignir í sveitafélaginu - 2019060016**

Óstaðfestar eignir í Ísafjarðarbæ, sérvinnsla úr landupplýsingarkerfi Þjóðskrár, gögn kynnt.

*Gögn kynnt.*

**5. Tjarnarreitur Þingeyri - 2019060041**

Lagðar fram tillögur að deiliskipulagi frá Verkís hf., vegna Tjarnarreits á Þingeyri.  
*Lagt fram.*

**6. Umsókn um byggingarleyfi - Dagverðardalur 5 - 2018040031**

Aðaluppdráttur frá Hugsjón dags. 23.03.2017 ásamt byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Dagverðardals 2,3 og 4. Ekki bárust neinar athugasemdir við grenndarkynningu. Nú hefur umsækjandi lagt fram breytingar frá fyrri áformum þ.e. uppdráttur dags. 16.06.2019.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur þörf á því að grenndarkynna þurfi breytt áform m.t.t. 44. gr. skipulagslaga, nefndin bendir á að heimilt er að stytta tímabil kynningar, með áritun á hagsmunaaðila á grenndarkynningargögn með vísan í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.*

**7. Umsókn um stofnun lóðar í fasteignaskrá - Landnámsskáli - 2019060053**

Fornminjafélag Súgandafjarðar óskar eftir því að bæjaryfirvöld heimili stofnun lóðar úr landi Botns 1, Súgandafirði, Ísafjarðarbæ landnr. 141241 og vísa í undirritað samkomulag Fornminjafélagsins við landeigendur Botns 1, samkomulagið er dagsett 28. maí 2019.

Jafnframt eru lögð fram sem trúnaðargögn tölvupóstar frá Hlöðver Kjartanssyni dags. 18.06.2019 og tölvupóstar frá Eypóri Eðvarssyni dags. 10.06.2019.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar sbr. undirritað samkomulag landeigenda við Fornminjafélag Súgandafjarðar, enda liggi fyrir undirritað samþykki landeigenda eða umboðsmanna.*

**8. Strenglagning í Dagverðardal - 2019060035**

Guðmundur Hjalti Sigurðsson sækir, f.h. Orkubús Vestfjarða ohf., um framkvæmdaleyfi vegna lagningar lágspennnts rafmangsstrengs í Dagverðardal. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 18.06.2019 ásamt uppdrætti dags. 13.06.2019, sem sýnir fyrirhugaða lagnaleið.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis, verkið skal unnið í samráði við Tæknideild Ísafjarðarbæjar, vegna lagna sem fyrir eru.*

**9. Tilkynning um framkvæmd í C flokk - Ljósleiðaralagning í Dýrafirði og Önundarfirði - 2019060065**

Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, óskar Snerpa afstöðu Ísafjarðarbæjar á fyrirhugaðri strenglögnum vegna ljósleiðaravæðingar og þrífösunar rafmagns, í Dýrafirði og Önundarfirði um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fylgigögn eru erindisbréf dags. 11. júní sem barst í tölvupósti dags. 11.06.2019

*Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða nefndarinnar er að strenglagning ljósleiðara í Dýrafirði og Önundarfirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að staðfesta þá niðurstöðu.*

**10. Umsókn um byggingarleyfi - Sumarhús að Bóli í Önundarfirði - 2019050014**

Lagt fram bréf dags. 13.06.2019 frá Peter Weiss, þ.e. athugasemdir vegna grenndarkynningar, vegna fristundahúss að Bóli í Önundarfirði.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir athugasemdir sem settar eru fram í fyrsta lið bréfitara að vatnsinntak verði í samræmi við vatnsinntak Selabóls og þannig úr garði gert að það skerði ekki inntakið sem fyrir er. Jafnframt að ákvæðum hverfisverndar H5 sé fylgt þ.e. að Mannvirkjagerðin skuli valda eins*

*lítilli röskun á útivist og umhverfi, þ.e. lífríki, landslagi, fjörum, grunnsævi og leirum, eins og kostur er. Skipulagsfulltrúa er falið að svara öðrum athugasemdum í samræmi við minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 24.06.2019.*

*Skipulagsfulltrúa falið að svara öðrum athugasemdum út frá minnisblaði dags. 24.06.2019*

**11. Hafrafellsháls - skógrækt - 2019060060**

Gísli Eiríksson, f.h. Skógræktarfélag Ísafjarðar, sækir um heimild til frekari uppgræðslu í hliðum Hafrafellsháls. Fylgigögn er undirrituð greinargerð dags. 15. júní 2019.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila afnot til skógræktar af svæði sem er skilgreint sem 2.3 ha á mynd í greinargerð.*

**12. Engjavegur 17 - Fyrirspurn um byggingarleyfi, vegna svala - 2019060067**

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir leggur inn fyrirspurn um hvort heimilt sé að byggja verönd við suð- austurhlið Engjavegar 17, ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og vísar byggingarfulltrúi umsókninni til Skipulags- og mannvirkjanefndar. Fylgigögn eru fyrirspurn dags. 24.06.2019 og uppdrættir dags. 22.06.2019 frá Kjartani Árnasyni arkitekt.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna byggingaráformin skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir eigendum fasteigna að Seljalandsvegi 18, 20 og 22 ásamt eigendum fasteigna við Engjaveg 14, 15, 16 og 19.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15**

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Axel Rodriguez Överby